

EFTIRLITSSKÝRSLA

Alcoa-Fjarðarál Reyðarfirði Reyðarfjörður



Dags eftirlits	12.6.2013	Fulltrúi UST	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Alcoa-Fjarðarál Reyðarfirði	Fulltrúi UST	Þorsteinn Jóhannsson
Heimili	Hrauni 1	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	5203034210	Flokkur	Ál
Fulltrúi fyrirtækis	Guðmundur Sveinsson Kröyer	ÍSAT nr.	24.42.0
Fulltrúi fyrirtækis	Geir Sigurpáll Hlöðversson	Staðsetning	729651,982 512054,012

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert frávik kom fram í eftirlitinu og ekki voru gerðar neinar athugasemdir við reksturinn.

UMFANG EFTIRLITS

Samráðsfundur var haldinn um morguninn þar sem að farið var yfir ýmis eftirlitsmál s.s. grænt bókhald, endurskoðun á umhverfsvöktunaráætlun og starfsleyfi. Sérstök fundargerð er rituð um fundinn.

Eftirlitið hófst með eftirlitsfundi þar sem að farið var yfir gögn og mælingar og svo haldið út í skoðunarferð.

Tvö þurrhreisvirki eru staðsett í verksmiðjunni þar sem að ryk og flúor er hreinsaður úr afsogi frá kerskála. Þar að auki eru 25 ryksafnarar með pokasíum staðsettir við helstu ryk uppsprettur s.s. löndun súrális og skautsmiðju. Staðsetning þessara ryksafnara er sýnd á yfirlitsmynd í drögum að endurskoðaðri mæliáætlun. Samkvæmt starfsleyfi skal mæling á útblæstri þessara ryksafnara eiga sér stað á fjögurra ára fresti og hefur Nýsköpunarmiðstöð annast þær. Rekstraraðilar skulu senda UST yfirlitsskrá yfir þessar mælingar frá upphafi. Í skoðunarferðinni var litið á ryksafnara við skautsmiðju og mælingar úr þeim.

Rekstraraðili hefur skilað inn endurskoðaðri umhverfsvöktunaráætlun og er hún til skoðunar hjá UST.

Þá var rætt um tilkynningar um rafmagnsleysi sem tilkynnt voru til UST í þann 8 og 16. maí sl. og ástæður þeirra. Á báðum tilvikum varaði rafmagnsleysið í innan við klukkustund. Annað rafmagnsleysið var vegna innanhúss bilunar en brugðist við henni samkvæmt viðbragðsáætlun.

Rekstraraðili hefur staðið skil á öllum gögnum sem fyrirtækinu ber að skila samkvæmt starfsleyfi á réttum tíma og eru mælingar þeirra innan marka. Útstreymisbókhaldi var skilað inn 21.febrúar 2013, Grænu bókhaldi 30.apríl 2013 og Ársskýrslu umhverfsvöktunar 30.apríl 2013 og búið að fara yfir þau, Ársfjórðungsskýrslum frá síðasta ári var skilað inn 29.6.2012, 19.09.2012, 7.11.2012 og 30.3.2013 og er yfirferð þeirra lokið..

Í skoðunarferðinni var farið í steypuskála til að líta á loftræstingu frá víravél. Í víravélinni er notuð olíu-vatnsblanda og uppgufun hennar leidd út í gegnum afsogskerfi. Líður 2.8 í starfsleyfi vísar í reglugerð 255/2002 um takmörkun á útstreymi rokkgjarnra lífrænna efna vegna notkunar á lífrænum leysiefnum. Samkvæmt II. viðauka reglugerðarinnar eru losunarmörk 75 mg C/Nm³ fyrir yfirborðsmeðferð með rokkgörnum lífrænum efnum þar sem að notkun er yfir 15 tonnum á ári. Samkvæmt mælingum á útstreymi sem sendar voru UST í byrjun árs 2012 er losunin undir leyfilegum mörkum.

Skv gr. 10. gr reglugerðar 255/2002 skulu mælingar á útblæstri hreinsibúnaðar, þar sem að losun er undir 10 kg/klst, framkvæmdar stöðugt eða að minnsta kosti árlega. UST óskar eftir niðurstöðum slíkra mælinga og að framvegis sé þeim skilað samhliða 1.ársfjórðungsskýrslu ár hvert.

Að lokum var litið á úrbætur á mælingum í eystra rykhreisvirkinu, Ústkipti á síupokum eru langt á veg komin en áætlað er að þeim ljúki í lok júlímánaðar. Fylgst var með síuskiptum og litið á skráningar og vöktun þeirra. Úrbætur við frávikum síðusta eftirlits eru að mati UST vel ásættanlegar.

ANNAD

Skv gr. 10. gr reglugerðar 255/2002 skulu mælingar á útblæstri hreinsibúnaðar, þar sem að losun er undir 10 kg/klst, framkvæmdar stöðugt eða að minnsta kosti árlega. UST óskar eftir slíkar mælingar fari fram amk árlega og að niðurstöðum þeirra sé skilað til UST í 1.ársfjórðungsskýrslu ár hvert.

Reykjavík, 09.07.2013

Halla Einarsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.